

Efni: Boð um þátttöku í verkefninu „Snemmtæk íhlutun í leikskóla með áherslu á málþroska og læsi“

Ágæti sveitarstjóri.

Við hjá nýrri Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) erum í óða önn að skipuleggja þá þjónustu sem við viljum bjóða sveitarfélögum og skólasamfélaginu upp á. Eitt þeirra verkefna sem fellur undir slíka þjónustu er *Snemmtæk íhlutun í leikskóla með áherslu á málþroska og læsi* (SÍ), sem hefur það megin markmið að valdefla starfsfólk leikskóla í að beita aðferðum snemmtæktrar íhlutunar á sviði málþroska og læsis. Með þessu bréfi langar viljum við kynna verkefnið fyrir ykkur og kanna áhuga á að taka þátt í því með okkur. Skóla- og velferðarþjónusta Árneshlíða hefur einnig fengið þetta kynningarbréf sent, en þátttaka í verkefninu yrði alltaf á grundvelli samstarfs við hana.

SÍ verkefnið byggir á þróunarverkefni Ásthildar Bj. Snorradóttur talmeinafræðings og hefur þegar verið innleitt í nokkrum sveitarfélögum á landinu. Helstu verkþættir SÍ verkefnisins felast í því að efla markvissa málörvun í daglegu starfi, stuðla að betri og markvissari nýtingu á málörvunarefni, skerpa á verkferlum í kjölfar mats og stuðla að samvinnu leikskóla við foreldra, sérfræðinga og grunnskóla. Á meðan á verkefninu stendur vinna þátttakendur einnig handbók sem rammur inn ofangreinda þætti, byggja á hugmyndafræði og skólanámskrá hvers og eins leikskóla.

Í upphafi verkefnisins er skriflegur samningur gerður á milli sveitarfélagsins og MMS, en með því skuldbindur sveitarfélag sig til að styðja við þátttöku sinna leikskóla í verkefninu. Að öðru leyti er verkefnið sveitarfélaginu að kostnaðarlausu. Innleiðing verkefnisins er eitt skólaár, auk þess sem boðið er upp á eftirfylgni til tveggja ára. Áhersla er lögð á að allir leikskólar á skólaþjónustusvæði taki þátt. Allt starfsfólk leikskólanna er virkjað í verkefninu en tveir lykilaðilar eru valdir til þess að leiða verkefnið í hverjum leikskóla. Hlutverk skólaþjónustu sveitarfélags er að halda utan um verkefnið í samvinnu við verkefnisstjóra frá MMS og vera lykilaðilunum til aðstoðar. Alla jafna er það leikskóla- eða kennsluráðgjafi skólaþjónustu sem tekur þetta hlutverk að sér. Talmeinafræðingur frá MMS sér um fræðslu til starfsfólks leikskóla ásamt verkefnisstjóra og eru þau jafnframt skólaþjónustu til stuðnings eins og þurfa þykir.

Í byrjun þessa árs voru áhrif SÍ verkefnisins á starfshætti leikskóla metin og voru niðurstöður afar jákvæðar. Því er okkur mikil ánægja að geta boðið sveitarfélögum upp á verkefnið áfram. Áætlað er að hefja samstarf við eina skólaþjónustu í ágúst (undirbúningur í lok júní) og þið eruð því beðin um að **svara þessum pósti fyrir 18. júní** ef þið hafið áhuga á að taka þátt á komandi skólaári.

Ykkur velkomið að hafa samband við undirritaða ef þið óskið frekari upplýsinga. Meðfylgjandi er bréf til leikskólastjóra ef þið hafið áhuga á að þekkjast boðið og viljið kynna verkefnið ykkar leikskólastjórum.

Með góðri kveðju, Katrín Ósk Þráinsdóttir, læsisráðgjafi